

Úr Krikanum

Hlustar Guð á Milli Vanilli?

Brasilíumenn tala enn um leikinn sem þeir töpuðu gegn Urugay í úrslitum HM 1950 á Maracanleikvangnum í Ríó. Brasília náðu forystu en það var skammgóður vermir og þeir töpuðu 1-2. Sá leikur er enn í dag fleinn í holdi brasilísku þjóðarinnar. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinna að tap FH gegn Fylki '89 hafi haft jafn djúpstæð áhrif, en aldrei höfum við verið jafnnálægt því að vinna Íslandsmeistaratitilinn.

Ef ég man rétt þá var veðrið ekkert sérstakt þennan septemberdag, strekkingsvindur í Krikanum sem gerist nú ekki oft. Áhorfendur flyktust á völlinn og voru sennilega vel á fjórða þúsund. Með sigri gat FH tryggt sér titilinn en Fylkismenn voru að berjast fyrir lífi sínu í deildinni og þurftu einnig sigur. Leikurinn gat ekki byrjað betur, Guðmundur Valur skoraði úr glæsilegri aukaspýrnu á 3. mínútu, 1-0. FH-ingar vissu nú ekki hvort þeir áttu að verjast eða sækja og gerðu því hvorugt vel.


Það er skemmst frá því að segja að Fylkismenn jöfnuðu fyrir hlé og Kristinn Tómasson skoraði svo gull af marki rétt fyrir leikslok og sendi þar með þyrluna, sem hafði vokað eins og haförn yfir vellinum, með bikarinn til Keflavíkur þar sem KA var að sigra heimamenn og tryggja sér titilinn.

Sem unglíngur vann ég á vellinum hjá goðsögninni Ragga Jóns. Á leikdögum höfðum við strákarnir þann starfa að aðstoða við gæslu- og miðasölu, því náði ég ekki að fylgjast með leiknum sem skyldi. Biggi búkur, gjaldkeri Knattspyrnudeildar, stjórnaði miðasölnunni með harðri hendi. ALLIR áttu að borga. Ég var sendur á hóp af unglíngum sem freistuðu þess að horfa á leikinn án þess að kaupa miða. Þegar ég gekk að þeim, brynjaður réttlátum málstað, sá ég að þarna var sætasta stelpan í Víðó með einhverjum eldri gaurum. Ég rukkaði samt inn þó svo að mér hafi fundist það óttalega norðalegt. Sá frekar mikið eftir því. Eftir leikinn hjólaði ég eins og mannýgt naut heim á leið og lagðist upp í rúm, kveikti á útvarpinu og hvað heyrði ég? "It's a tragedy for me to see the dream is over" - Milli Vanilli dúettinn átti þessa tóna, eða kannski ekki, því seinna kom í ljós að þeir höfðu mæmað allt sem þeir áttu að hafa sungið. Ef ég hef einhvern tímann trúað á æðri máttarvöld var þarna komin óræk sönnun. Tákn. Hvort sem guð hefur verið að sýna hluttekningu eða djóka í mér. Sennilega var hann þó að djóka því ég trúi ekki að guð hafi fílað Milli Vanilli.

FH kveðja
Orri Þórðarsson



LANDSBANKA
DEILDIN



19. júlí 2004

Kaplakrikavöllur
Klukkan 20:00

Næstu leikir:

Mfl. karla Keflavík-FH 25. júlí
Mfl. kvenna FH – Þór/KA/KS 26. júlí

Síðustu deildarleikir liðanna:

Síðustu leikir FH:

FH – KA	2-2
FH – KR	1-1
Fram – FH	1-2

Síðustu leikir Fylkis:

KR – Fylkir	1-1
Fylkir – ÍA	2-2
Fylkir – ÍBV	1-2

Markahæstu menn:

FH:

Atli Viðar Björnsson	4
Ármann Smári Björnsson	3
Tommy Nielsen	2

Fylkir:

Sævar Þór Gíslason	4
Björgólfur Takefusa	2
Ólafur Ingi Stígsson	3

Staðan í deildinni 8. júlí 2004:

Sæti	Félag	stig
1.	Fylkir	18
2.	FH	16
3.	ÍA	13
4.	ÍBV	12
5.	KR	12
6.	Keflavík	11
7.	KA	10
8.	Víkingur	10
9.	Grindavík	10
10.	Fram	6

Leikskráin:

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Árni Stefánsson

Umsjón með útgáfu:

Númi Arnarson og
Viðar Hrafn Steingrímsson (fthingar.net)



- aðalstyrktaraðili
Knattspyrnudeildar FH



stafræna

hugmyndasmíðjan

Vissirðu að við prentum nafnspjöld
í lit, mjög ódyrt og hratt...?
...prentum svo hvað sem er

www.smidjan.is



Liðsmenn FH:

1	Daði Lárusson
2	Magnús Ingi Einarsson
3	Simon Karkov
4	Tommy F. Nielsen
5	Freyr Bjarnason
6	Ásgeir Gunnar Ásgeirsson
7	Jónas Grani Garðarsson
8	Baldur Bett
9	Sigmundur P. Ástþórsson
10	Heimir Guðjónsson
11	Jón Þorgrímur Stefánsson
12	Ágúst Bjarni Garðarsson
13	Róbert Örn Óskarsson
14	Guðmundur Sævarsson
15	Ármann Smári Björnsson
16	Birgir Jóhannsson
17	Atli Viðar Björnsson
18	Hermann Albertsson
19	Víðir Leifsson
20	Sverrir Garðarsson
21	Atli Guðnason
22	Allan Borgvardt
23	Heimir S. Guðmundsson
24	Davíð Örvar Ólafsson
25	Emil Hallfreðsson
27	Valþór Hilmar Halldórsson

Þjálfarar FH:

Ólafur Jóhannesson
og Leifur S. Garðarsson



Liðsmenn Fylkis:

1	Bjarni Þórður Halldórsson
2	Kjartan Ólafsson
3	Guðni Rúnar Helgason
4	Valur Fannar Gíslason
5	Ólafur Ingi Stígsson
6	Helgi Valur Danielsson
7	Hrafnkell Helgi Helgason
8	Finnur Kolbeinsson
9	Gunnar Þór Pétursson
10	Ólafur Páll Snorrason
11	Þórhallur D. Jóhannsson
12	Jóhann Ó. Sigurðsson
13	Ragnar Sigurðsson
14	Haukur Ingi Guðnason
15	Björn Viðar Ásbjörnsson
16	Guðjón Hauksson
17	Ólafur V. Júlíusson
19	Sævar Þór Gíslason
20	Arnar Þór Úlfarsson
21	Eyjólfur Héðinsson
22	Björgólfur H. Takefusa
23	Björgvin F. Vilhjálmsson
24	Albert Brynjar Ingason
25	Kristján Valdimarsson
26	Sigurjón M. Kevinsson
27	Einar Pétursson
28	Jón B. Hermannsson
29	Þorbjörn Atli Sveinsson
30	Kjartan Ágúst Breiðdal
31	Björn Orri Hermannsson

Dómari leiksins:
Jóhannes Valgeirsson

Þjálfari Fylkis:
Þorlákur Arnason.